



STARFSREGLUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

1. grein

Skipan framkvæmdastjórnar ÍSí

Framkvæmdastjórn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, hér eftir nefnt ÍSí, skipa 16 aðalmenn sem kosnir eru á Íþróttapingi ÍSí skv. 17. grein laga Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

2. grein

Skipting starfa innan framkvæmdastjórnar ÍSí

Á fyrsta framkvæmdastjórnarfundi að loknu Íþróttapingi ÍSí skal framkvæmdastjórn ÍSí skipta með sér verkum, fyrir utan forseta ÍSí, sem kosinn er á Íþróttapingi ÍSí. Embættin innan framkvæmdastjórnar ÍSí eru: 1. varaforseti, 2. varaforseti og gjaldkeri. Þá kys stjórn sér fundarritara sem þarf ekki að koma úr hópi stjórnarfólks.

3. grein

Hlutverk og verksvið framkvæmdastjórnar ÍSí

Samkvæmt 18. gr. laga Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands er hlutverk framkvæmdastjórnar eftirfarandi:

- a) Að fylgja eftir samþykktum Íþróttapings.
- b) Að stýra málefnum ÍSí milli Íþróttapinga.
- c) Að móta stefnu og framtíðarsýn sambandsins sem staðfest skal á Íþróttapingi.
- d) Að annast rekstur sambandsins.
- e) Að vinna fjárhagsáætlun til tveggja ára sem staðfest skal á Íþróttapingi.
- f) Að sjá um samskipti við innlenda og erlenda aðila um mál, sem ekki heyra undir sérsambönd.
- g) Að fylgjast með störfum sérsambanda og íþróttahéraða. Skal framkvæmdastjórn í þessu skyni:
 - i. Hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum sambandsaðila og ef ástæða þykir til getur framkvæmdastjórn tilnefnt sérstakan endurskoðanda fyrir sérsamband eða íþróttahérað og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi sambandsaðila. Sambandsaðili getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.
 - ii. Fylgjast með því að lögum og reglum ÍSí og sambandsaðila þess sé hlýtt.
 - iii. Fylgjast með því að þing/aðalfundir sambandsaðila séu haldnir og ef þörf krefur, annast um boðun og framkvæmd þeirra.
- h) Úrskurða í deilum á milli sambandsaðila.
- i) Að sjá til þess að samdar séu þær almennar reglur, er gilda skuli fyrir allar íþróttagreinar.
- j) Að semja og gefa út reglugerðir um störf nefnda.





- k) Framkvæmdastjórn getur ákveðið að gegna hlutverki sársambandsstjórnar í þeim íþróttagreinum, þar sem sársamband hefur ekki verið stofnað.
- l) Að banna þátttöku erlendra keppenda í mótum hárlands, telji framkvæmdastjórn hana miður heppilegar fyrir hagsmuni heildarsamtakanna.
- m) Að staðfesta lög sambandsaðila.
- n) Viðurkenna nýjar íþróttagreinar.
- o) Setja reglur um hlutverk fastanefnda ÍSí.

Milli funda framkvæmdastjórnar annast framkvæmdaráð, þar sem sitja forseti, 1. varaforseti, 2. varaforseti og gjaldkeri um erindi sem berast framkvæmdastjórn og afgreiðslu þeirra.

Framkvæmdastjórn ÍSí getur í sérstökum tilvikum falið stjórnarmönnum eða nefndum og ráðum ÍSí einstök mál til athugunar og undirbúnings fyrir afgreiðslu á stjórnarfundi.

4. grein

Hlutverk og verksvið forseta ÍSí

Forseti ÍSí ber meginábyrgð á starfsemi framkvæmdastjórnar ÍSí og skal stuðla að virkni í allri ákvarðanatöku hennar.

Að auki skal forseti ÍSí m.a.:

1. Tryggja að nýtt stjórnarfolk fái upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnarinnar, málefnum sambandsins og helstu þáttum er varða stjórnun þess.
2. Tryggja að framkvæmdastjórnin fái í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn svo að hún geti sinnt störfum sínum.
3. Hvetja til opinna samskipta innan framkvæmdastjórnar og á milli framkvæmdastjórnar ÍSí og framkvæmdastjóra/starfsmanna ÍSí.
4. Útbúa dagskrá framkvæmdastjórnarfundar, í samráði við framkvæmdastjóra.

5. grein

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjórn ÍSí ræður framkvæmdastjóra. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra þar sem m.a. skal kveðið á um laun og önnur starfskjör. Forseti og gjaldkeri skulu annast gerð ráðningarsamnings við framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur ÍSí og fer eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem framkvæmdastjórn markar hverju sinni. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd ÍSí í samráði við forseta ÍSí.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald ÍSí sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna ÍSí sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri skal koma á framfæri við endurskoðanda þeim upplýsingum og gögnum sem hafa þýðingu vegna endurskoðunar bókhalds og ársreiknings ÍSí og veita endurskoðanda þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðandi telur nauðsynlega vegna starfs síns við endurskoðunina.

Framkvæmdastjóri skal gæta þess að fara ekki út fyrir þann ramma sem afmarkaður er í rekstrar- og fjárhagsáætlun ÍSí nema með sérstöku samþykki framkvæmdastjórnar ÍSí.





Framkvæmdastjóri tryggir að stjórnarmenn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og starfsemi ÍSí. Hann gerir stjórn grein fyrir öllum stærri málefnum er varða rekstur ÍSí.

Framkvæmdastjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmunum ÍSí að leiðarljósi.

Framkvæmdastjóri getur ekki gert ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar nema með heimild framkvæmdastjórnar ÍSí. Framkvæmdastjórn ÍSí getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Eins getur framkvæmdastjóri í samráði við forseta og gjaldkera afgreitt slík mál ef ekki er unnt að biðja ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi ÍSí.

6. grein

Fyrirsvar framkvæmdastjórnar ÍSí

Forseti ÍSí er málsvari framkvæmdastjórnar ÍSí og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni út á við í samráði við framkvæmdastjórn ÍSí og í samræmi við venjur og verklag innan ÍSí og eðli máls.

Forseti ÍSí kemur fram fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÍSí gagnvart framkvæmdastjóra.

7. grein

Skyldur framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórnarfólk skal:

- Kynna sér lög og reglur er gilda um frjáls félagasamtök og starfsemi ÍSí.
- Hafa skilning á hlutverki og ábyrgð sinni svo og framkvæmdastjórnar ÍSí.
- Vera óháðir í störfum sínum og viðhalda trúnaði við ÍSí, sambandsaðila og íþróttahreyfinguna í samræmi við hlutverk sitt.
- Starfa í þágu allrar íþróttahreyfingarinnar og gæta að jafnræði þeirra sambandsaðila og annarra aðila íþróttahreyfingarinnar sem heyra undir ákvörðunarvald framkvæmdastjórnar.
- Taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig með hag ÍSí og íþróttahreyfingarinnar að leiðarljósi.
- Koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg, viðskiptatengd eða vegna annarra tengsla, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstrar milli þeirra og ÍSí eða þeirra aðila íþróttahreyfingarinnar sem heyra undir ákvörðunarvald framkvæmdastjórnar.
- Hafa skilning á markmiðum og verkefnum ÍSí og hvernig þeir eigi að haga störfum sínum til að stuðla að því að markmið þess náist.
- Kynna sér öll gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að taka upplýstar ákvarðanir.
- Tryggja að ákvörðunum framkvæmdastjórnar sé framfylgt svo og að jafnan sé gætt að lögum og reglum í rekstri ÍSí.
- Stuðla að góðum starfsanda innan framkvæmdastjórnar ÍSí.





8. grein

Boðun funda o.fl.

Framkvæmdastjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði. Forseti ÍSí ákveður tímasetningu funda í samráði við framkvæmdastjóra. Meirihluti stjórnarfólks getur hvenær sem er óskað eftir því að framkvæmdastjórnarfundur verði haldinn. Forseta ÍSí ber þá að kalla saman fund svo og ef framkvæmdastjóri krefst þess.

Heimilt er fyrir stjórnarfólk að taka þátt í stjórnarstörfum með rafrænum hætti.

Í lok framkvæmdastjórnarfundar skal tilkynna um fundartíma næsta fundar. Leitast skal við að ákveða a.m.k. næstu þrjá fundardaga fram í tímann. Til fundar skal forseti ÍSí, eða framkvæmdastjóri ÍSí í hans umboði, boða með tölvupósti með minnst þriggja daga fyrirvara eða fundarboðsett inn á rafrænt svæði framkvæmdastjórnar ÍSí samhliða tilkynningu í tölvupósti um slíkt. Forseti ÍSí getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.

Í fundarboði skal greina frá dagskrá fundarins og senda með fundargögn. Fundargögn skulu að jafnaði send stjórnarfólki minnst þremur dögum fyrir fundinn, nema forseti ÍSí ákveði annað. Forseti ÍSí getur ákveðið að fundargögnum verði fyrst dreift á fundi og þeim skilað í lok fundarins.

9. grein

Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

Framkvæmdastjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarfólks sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við 7. gr. starfsreglna þessara. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allt stjórnarfólk hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

Forseti ÍSí stýrir fundum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Komi til atkvæðagreiðslu á fundi framkvæmdastjórnar og atkvæði falla jöfn, þá skal atkvæði forseta ráða úrslitum.

Ef forseti ÍSí telur vegna sérstakra aðstæðna að ekki sé hægt að bíða þess að haldinn verði stjórnarfundur getur hann tekið ákvörðun um símafund/fjarfund framkvæmdastjórnar ÍSí eða að málefnið verði kynnt stjórnarfólki skriflega eða símleiðis og haldin verði atkvæðagreiðsla meðal stjórnarfólks skriflega eða símleiðis. Fundarritari skal halda fundargerð skv. 11. gr. utan um slíka afgreiðslu mála sem skal undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Heimilt er að óska eftir ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSí í tölvupósti á milli framkvæmdastjórnafunda ef þörf krefur og telst samþykkt þegar meirihluti framkvæmdastjórnar ÍSí hefur gefið samþykki sitt. Fundarritari skal halda fundargerð skv. 11. gr. utan um slíka afgreiðslu mála sem skal undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarfólk hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þeirra.

Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega. Séu mál lögð fram á stjórnarfundum til kynningar getur slík kynning verið munnleg.





Fara skal með allar umræður og ákvarðanir stjórnar sem trúnaðarmál í hópi stjórnarfólks og starfsfólks og ekki skal opinberlega greina frá sjónarmiðum einstaks stjórnarfólks eða niðurstöðu í atkvæðagreiðslu um einstök mál, nema stjórnin ákveði einróma annað.

10. grein

Fyrirspurnir stjórnarmanna og samskipti milli stjórnarfunda

Stjórnarstarfið á almennt að fara fram á stjórnarfundum. Fyrirspurnir stjórnarfólks eiga að vera bornar fyrir stjórn á stjórnarfundum. Stjórnarfólk getur sent fyrirspurn til framkvæmdastjóra á milli stjórnarfunda með tölvupósti með afriti á annað stjórnarfólk. Svör við fyrirspurn skal kynnt stjórninni allri á sama tíma.

Bóka skal í fundargerð formlegar fyrirspurnir og svör við þeim. Stjórnarfólki er óheimilt að afla upplýsinga með því að hafa beint samband við starfsfólk sambandsins aðra en framkvæmdastjóra.

Samskipti stjórnarfólks við starfsfólk sem tengist störfum undirnefnda eru þó undanþegin þessari grein.

11. grein

Fundargerðir og fundargerðarbók

Forseti ÍSí skal sjá til þess að rituð sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.

Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:

- a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
- b) Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum.
- c) Dagskrá fundarins.
- d) Hvort einstök mál eru til upplýsingar, umræðu eða ákvörðunar.
- e) Stutta greinagerð um dagskrárefni, um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
- f) Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn, ef við á.
- g) Hver ritað hafi fundargerðina.

Meðlimur framkvæmdastjórnar, sem ekki er sammála ákvörðun framkvæmdastjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.

Fundargerð skal rituð af fundarritara. Drög að fundargerðin skulu send stjórnarfólki innan sjö virkra daga frá stjórnarfundum. Hafi stjórnarfólk athugasemdir við drögin skulu þau gera fundarritara og forseta viðvart sem fyrst.

Fundarritari skal senda stjórnarfólki drög að fundargerð á tölvutæku formi svo fljótt sem auðið er eftir stjórnarfundum. Vilji stjórnarfólk gera athugasemd við drög að fundargerð skal hún gerð eigi síðar en þremur dögum eftir að stjórn hefur mótttekið drögin. Berist engar athugasemdir við drög að fundargerð innan þess frests skoðast hún samþykkt og verður birt á heimasíðu ÍSí.

12. grein

Þagnar- og trúnaðarskylda





Framkvæmdastjórnarfolk skal gæta þagnarskyldu um málefni ÍSí, hagi starfsfólks og önnur atriði sem það fær vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarfolk og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum ÍSí, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem framkvæmdastjórn ÍSí ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga og reglna er gilda um frjáls félagasamtök eða samþykktum ÍSí. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Framkvæmdastjórnarfolk skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti, sem það fær afhent til að gegna störfum sínum sem stjórnarfolk.

Framkvæmdastjórnarfolk, aðrir en forseti ÍSí, skal ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni framkvæmdastjórnar sambandsins, nema að fengnu samþykki framkvæmdastjórnar.

13. grein

Hagsmunatengsl og hæfi

Um hæfi stjórnarfólks fer samkvæmt grein 17.7 í lögum ÍSí.

Stjórnarfolk og framkvæmdastjóri skulu við upphaf starfa sinna leggja fram upplýsingar um hagsmunatengsl sín og maka síns við ÍSí eða lögaðila innan íþróttahreyfingarinnar, ásamt upplýsingum um önnur trúnaðarstörf, þ.m.t. stjórnarsetu, framkvæmdastjórn eða önnur trúnaðarstörf fyrir sambandsaðila eða félög, til að auðvelda mat á hæfi þeirra til þátttöku í afgreiðslu einstakra mála. Framkvæmdastjóri heldur utan um og uppfærir þegar við á hagsmunaskrár framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra ÍSí.

Skylt er stjórnarfólki og framkvæmdastjóra að upplýsa án tafar um atvik eða aðstæður sem gætu valdið vanhæfi viðkomandi við samningsgerð eða meðferð mála.

Framkvæmdastjórn ákveður hvort vanhæfi er fyrir hendi. Þegar dagskrá stjórnarfundar liggur fyrir skal framkvæmdastjóri í samráði við forseta yfirfara hæfi stjórnarmeðlims og/eða framkvæmdastjóra til þátttöku í meðferð máls. Vakni vafi um hæfi viðkomandi skal forseti vekja athygli viðkomandi á því að hann telst vanhæfur til meðferðar máls. Stjórnarmeðlimi og framkvæmdastjóra ber ennfremur ávallt að upplýsa um slík atvik og önnur er gætu valdið vanhæfi viðkomandi um leið og þeim verða þau ljós.

Ef ágreiningur er uppi um hæfi einstaklings í stjórn til þátttöku í meðferð máls, skal framkvæmdastjóri í samráði við forseta, afla upplýsinga um hæfi viðkomandi og gefa viðkomandi færi á að koma að frekari upplýsingum og athugasemdum. Að því loknu tekur framkvæmdastjórn ákvörðun um hæfi viðkomandi stjórnarmeðlims. Verði ágreiningur um hæfi forseta framkvæmdastjórnar, skal 1. varaforseti gegna hlutverki forseta við framangreint.

Forseti metur hvort að gögn varðandi viðkomandi mál verði gerð aðgengileg aðila sem ekki telst hæfur til þátttöku í meðferð máls. Viðkomandi skal víkja af fundi við alla meðferð stjórnar á málinu. Bóka skal í fundargerð að viðkomandi hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum í aðdraganda ákvörðunar. Metið skal eftir atvikum og eðli máls hvort að viðkomandi stjórnarmeðlimur skuli fá aðgang að gögnum máls og efni fundargerðar eftir að afgreiðslu máls er lokið.





Leggja skal fyrir framkvæmdastjórn ÍSí til staðfestingar (eða synjunar) alla samninga sem stjórnarfolk og/eða framkvæmdastjóri kunna að gera við ÍSí og samninga milli ÍSí og þriðja aðila ef stjórnarfolk og/eða framkvæmdastjóri hafa verulega hagsmuni af slíkum samningum og þeir hagsmunir kunna að fara í bága við hagsmuni ÍSí.

14. grein **Upplýsingagjöf**

Framkvæmdastjórn ÍSí getur á fundum krafið framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn ÍSí um upplýsingar og gögn sem stjórn eru nauðsynleg til að stjórnarfolk geti sinnt verkefnum sínum.

Upplýsingar og gögn skulu vera aðgengileg stjórnarfólki tímanlega fyrir stjórnarfundi og skal allt stjórnarfolk fá sömu upplýsingarnar. Upplýsingar skulu vera eins uppfærðar og nákvæmar og unnt er hverju sinni.

Framkvæmdastjórnarfólki er ekki heimilt að taka með sér í kjölfar stjórnarfunda gögn sem hafa að geyma sérstaklega viðkvæmar trúnaðarupplýsingar. Slík gögn skulu almennt ekki send út með fundarboði.

Skýrsla framkvæmdastjórnar skal lögð fram á Íþróttapingi ÍSí ásamt ársreikningum.

Framkvæmdastjóri ÍSí skal gæta þess að fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá, skattyfirvöldum og öðrum stjórnvöldum séu sendar lögboðnar tilkynningar og framtöl.

15. grein **Undirritun ársreiknings ÍSí**

Ársreikningur ÍSí skal lagður fyrir stjórn til afgreiðslu og skal forseti, gjaldkeri og framkvæmdastjóri undirrita ársreikninginn. Telji meðlimur framkvæmdastjórnar ÍSí eða framkvæmdastjóri að ekki beri að samþykka ársreikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að aðilar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

16. grein **Frekari reglur um störf framkvæmdastjórnar ÍSí**

Meðlimir framkvæmdastjórnar ÍSí skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga og reglna er gilda um frjáls félagasamtök.

17. grein **Breytingar á starfsreglum framkvæmdastjórnar ÍSí**

Einungis framkvæmdastjórn ÍSí getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki einfalds meirihluta framkvæmdastjórnar ÍSí. Æskilegt er að starfsreglur þessar séu yfirfarnar a.m.k. árlega.





18. grein

Varsla og meðferð starfsreglna

Eftir Íþróttapeing ÍSí skal kynna reglur þessar fyrir framkvæmdastjórn ÍSí og bóka skal í fundargerð að stjórnarfolk hafi lesið og samþykkt þessar reglur. Nýju stjórnarfólki skal kynntar starfsreglurnar og skal það staðfesta það.

Framkvæmdastjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum ÍSí skal afhent eintak af starfsreglum og lögum ÍSí sem í gildi eru á hverjum tíma.

Samþykkt á framkvæmdastjórnarfundum 17. september 2025

